



Formannafundur 5. febrúar 2014

Fundargerð

Formannafundur deilda var haldinn með aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 5. feb. 2014 í fundaraðstöðu félagsins að Varmá kl. 18:30.

Mætt:

Eymundur Sigurðsson VJI (ES), eymundur@vji.is	Dagný Kristinsdóttir badmintondeild
Gudjon Helgason (GH) gudjonhelgason@gmail.com	Jónas Pétur Aðalsteins sunddeild
Geirharður Long (GL) geirardur@simnet.is	Ingólfur Garðarsson knattspyrnadeild
Hekla Klemenzdóttir (HK) hekla@gitarinn.is	Gunna Stína blakdeild
Indriði Jósafatsson (IJ) umfa@afturelding.is	Sigrún Huld fimleikadeild
Auður Gunnarsóttir (AG) keramik@simnet.is	Gissur Örlygsson frjálsíþróttadeild
Gylfi Gíslason (GG) gylfi@javerk.is	Inga Lilja handboltadeild

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Skipting og úthlutun meistaraflokksstyrkja árið 2014.

Úthlutunarreglur afreksstyrkja 2014 kynntar. Stefnt að því að styrkja sjóði félagsins og mæta þannig þörfum fleiri deilda. Miðað er við að meistaraflokkar hafi skilað inn bókhaldi tvö ár á undan til að fá styrk.

Skipting og úthlutun rekstrarstyrkja til yngriflokkastarfs félagsins 2014.

Farið var yfir skiptingu rekstrarstyrkja, fyrri hluta, til deilda sem tekur mið af iðkendafjölda og hlutfalli æfingamánaða deilda varðandi rekstur yngriflokkastarfs. Miðað verði við nýjar iðkendatölur byggðar á síðustu 6 mánuði á undan úthlutun. Umræður varð um virka æfingamánuð. IJ þarf að fá uppl. frá formönnum deilda svo þessar upplýsingar séu réttar hverju sinni.

Eineltisáætlun

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu mála varðandi eineltisáætlun félagsins og samvinnu við skóla bæjarins í þessu sambandi.

Framtíðin

IJ upplýsti um stöðu málsins og ætlar að senda drög að aðgerðaráætlun sem Viðar hefur unnið með þjálfurum félagsins til formanna. Ætlast er til að deildirnar skoði þetta og sendi inn ábendingar.

Uppgjör 2013

Framkvæmdastjóri bað formenn og gjaldkera þeirra að skoða ýtarlega kröfur sem hugsanlega meggi afskrifa. Spurning hvort ekki eigi að setja inn reglu um hvenær verður að afskrifa kröfur.

Nýting á Varmá

Rætt um nýtingu íþróttahúss og hvort hægt sé að skipuleggja helgarnar þannig að á þeim verði ekki æfingar heldur eingöngu leikir og fjöllíðamót. Úthluta þarf deildum ákveðnum fjölda af fjöllíðamótum því húsið er mjög vinsælt til að halda stór fjöllíðamót í og komast færri að en vilja.

Önnur mál.

- Rætt um kröfur sem fara ekki rétt í bankakerfinu. Framkvæmdastjóri sagði frá fundum sínum og Mótusmanna varðandi þessi mál sem verið er að skoða í heild sinni núna.
- Glerbúrið: Deildirnar vilja fá betri aðstöðu til mótstjórnar í húsinu. Stjórnin skoðar málið varðandi það að hafa slíka stjórnstöð á skrifstofu Aftureldingar á meðan slík aðstaða er ekki til staðar í húsinu.

Fundi slitið kl. 20.00

Eymundur Sigurðsson
(sign.)